

Áfallaáætlun Njarðvíkurskóla

Endurskoðuð og bætt af áfallateymi

Njarðvíkurskóla/Háaleitisskóla 2010-2011



Efnisyfirlit

1. Viðbrögð skólans við áfalli, slysi eða dauðsfalli
2. Áfallahjálpi í Njarðvíkurskóla – handbók
3. Slysahandbók
4. Ýmsar greinar um viðbrögð við áföllum
5. Bókalisti frá bókasafni Njarðvíkurskóla
6. Fræðsla og leiðbeiningar um ýmsa sjúkdóma
7. Annað

Viðbrögð skólans við áfalli, slysi eða dauðsfalli ...

...eins fljótt og auðið er

Hefjist handa! Erfitt getur reynst að leiðrétta sögusagnir ef ekki er gripið strax inn í atburðarásina.

Fáið staðfestingu á andláti eða slysi. Treystið ekki óstaðfestum fregnum frá nemendum eða starfsmönnum skólans. Hafið samband við aðstandendur, lögreglu eða sjúkrahús.

Kallið áfallaráð skólans saman. Hafið fyrsta fund stuttan, skiptið með ykkur verkum og ákveðið fyrstu aðgerðir skólans. Haldið fundi eins oft og tilefni gefst á næstu dögum.

...sama dag, sé þess kostur

Kallið starfsmenn skólans saman. Starfsmönnum er tilkynnt hvað gerst hefur og hvernig skólinn hyggst taka á málum.

Segið nemendum skólans frá atburðinum. Segja má nemendum skólans frá atburðum á sal eða í bekkjarstofum. Aðeins þarf að gæta að því að þeir fái fregnina samtímis. Sé þetta gert á sal þurfa nemendur að eiga stund með kennara sínum í stofu á eftir til að ræða um atburðinn og um líðan sína.

...á næstu dögum

Hlíð að nemendum. Gefið nemendum kost á að vinna með tilfinningar sínar í skapandi leik og starfi. Ræðið atburðinn í bekkjum eða í minni hópum. Þjóðið jafnframt upp á einstaklingsviðtöl.

Utanaðkomandi aðstoð. Gætið þess að álagið verði ekki of mikið á starfsfólk skólans. Leita má aðstoðar t.d hjá áfallaráðum annara skóla, prestum, heilsugæslustöðvum og sálfræðingum.

Sameiginleg athöfn í skólanum. Hafi nemandi eða starfsmaður látist er rétt að minnast hins látna í sameiningu. Annað hvort má halda minningarathöfn í skólanum eða vera saman við jarðarförina. Gott gefur verið að minnast hins látna með því að gróðursetja tré til minningar um hann, gera veggteppi eða stóra mynd um viðkomandi eða atburði tengda slysinu o.s.frv.

Athugið að það getur þurft að leiðbeina nemendum við að minnast á viðeigandi hátt.

...á næstu vikum og mánuðum

Haldið áfram að hlúa að nemendum og starfsfólki skólans. Gefið gaum að áfallastreitu meðal nemenda og starfsmanna skólans. Þjóðið upp á hópavinnu eða einstaklingsviðtöl ef þörf er á.

Áfallahjálpi

Ef nemandi, starfsmaður, forráðamenn, systkini eða skyldmenni nemanda verða fyrir alvarlegu áfalli.

Almenn fræðsla um áfallahjálpi.

Mikilvægt er að þeir sem veiti áfallahjálpi séu rólegir og yfirvegaðir og séu ekki með neitt óþagot. Því mikilvægast er að sá sem verður fyrir áfalli finni að hann sé öruggur og geti treyst þeim sem eru hjá honum og reynt sé að finna umhverfi þar sem hægt sé að fá næði. Þólandinn verður að finna fyrir hlýju og vinsemd, um leið og staðreyndir eru skýrðar fyrir honum. Mikilvægt er að gefa þólandanum tíma til þess að tjá sig til að koma skipulagi á tilfinningar sína og hugsun.

Ef slys verður í skóla þá skal líkamleg skyndihjálpi hafa forgang. Sálræn skyndihjálpi felst í því að kennarar og starfsmenn skólans róa og hugga nemendur og starfsfólk. Þeim skal leyfast að fá sem eðlilegasta útrás fyrir tilfinningar sínar sem geta birst á mismunandi hátt, m.a. sem grátur, ógleði, skjálfti og köfnunartilfinning en getur líka verið doði, tómléikartilfinning, fólksfælni og þörf fyrir einveru.

Skilgreiningar á áföllum í skóla

Alvarleg áföll geta verið af völdum:

- Dauðsfalla
- Slys
- Alvarlegra og / eða langvarandi veikinda
- Líkamsárása
- Náttúruhamfara
- Annars sem veldur áfalli hjá nemanda

Í áfallateymi Njarðvíkurskóla eru

Skólastjóri eða staðgengill hans

Forsvarsmenn áfallateymis

Með teyminu starfa: umsjónarkennari viðkomandi nemanda / kennarar, hlutaðeigandi deildarstjóri / deildarstjórar / og starfsmenn skólans, skólahjúkrunarfræðingur og skólasálfræðingur.

Aðstoðarfólk sem áfallateymið getur leitað til:

Stýrihópur HSS

Prestur

Heilsugæslulæknir / heilsugæsla

Lögregla

Tengiliður áfallateymis HSS og skólans verði prestur safnaðarins eða annar aðili tilnefndur af bæjarfélagi

Hlutverk áfallateymis

Að sjá um að nemendur og starfsfólk skólans fái viðeigandi þjónustu ef þeir verða fyrir áfalli. Bæði við áfallið og eins á eftir þegar viðkomandi kemur aftur til starfa.

Fyrstu viðbrögð vegna áfalls:

Upplýsingar um áföll berist til skólastjóra eða staðgengils hans.
Skólastjóri leitar staðfestingar hjá viðkomandi eða aðstandendum.
Skólastjóri leitar heimildar hjá viðkomandi eða aðstandendum hans um að fjallað verði um málið í skólanum, og hver ættu viðbrögðin að vera ef svarið er neikvætt.
Skólastjóri kallar áfallateymi saman.
Skólastjóri er sá eini sem svarar fjölmiðlum.

Aðgerðir áfallateymis eru að:

athuga hvort málið snertir nemendur í fleiri en einum bekk.
ákveða verkaskiptingu.
hringja í aðstoðarfólk ef með þarf
sjá um að almenn tilkynning berist til starfsfólks þegar það á við

Viðbrögð vegna andláts starfsmanns skólans

- Skólastjórnendur greina samstarfsfólki og nemendum frá andláti starfsmanns í samráði við prest eða annan fagaðila ef þörf krefur.
- Skólinn dregur fána í hálfu stöng þegar **búið** er að tilkynna nemendum andlátið.
- Skólastjórnendur sjái til þess að samúðarkveðja berist frá starfsmönnum skólans t.d. með heimsókn til aðstandenda.
- Ef um er að ræða umsjónarkennara og nemendur vilja vera viðstaddir jarðarför hans þarf fagaðili úr áfallateymi ásamt skólastjórnendum að undirbúa það vandlega í samráði við foreldra og eða aðra aðstandendur.
- Umsjónarkennari eða fagaðili fjallar um málið í bekknum eftir þörfum.
- Skólastjóri býður starfsfólki og nemendum skólans upp á samverustund í skólanum.

Viðbrögð vegna andláts nemanda

- Skólastjóri tilkynnir umsjónarkennara frá andláti og í framhaldi af því, öðrum starfsmönnum skólans.
- Umsjónarkennari greinir bekkjarfélögum frá atburðinum, reynt er að hlúa að sem allra best að nemendum, með því að t.d.
a) kveikja á kerti b) sóknarprestur talar við börnin og biður stutta bæn
- Ef umsjónarkennari óskar getur hann leitað aðstoðar annars starfsmanns og / eða annars fagfólks t.d. prests safnaðarins.
- Skólinn dregur fána í hálfu stöng þegar **búið** er að tilkynna nemendum andlátið.
- Foreldrum bekkjarfélaga verði tilkynnt um atburðinn ef við á.
- Skólastjórnendur sjái til þess að samúðarkveðja berist frá starfsmönnum skólans.
- Umsjónarkennari sjái til þess að samúðarkveðja berist frá bekkjarfélögum.
- Umsjónarkennari aðstoði bekkjarfélaga við skrif á minningargrein.
- Ef nemendur vilja vera viðstaddir jarðarför þarf umsjónarkennari að undirbúa það vandlega í samráði við foreldra og aðstandendur og getur kallað til ráðgjafa úr áfallateymi sér til aðstoðar. Nauðsynlegt er að

ábygðarmaður fylgi þeim til þess að vera þeim til halds og trausts í athöfninni.

- Umsjónarkennari fjallar um málið í bekknum eftir þörfum.
- Skólastjóri býður nemendum upp á samverustund í skólanum.

Viðbrögð vegna alvarlegra slysa eða veikinda nemenda og starfsfólks

- Umsjónarkennari greinir bekkjarfélögum frá staðreyndum en ef um ræðir starfsmann skólans greinir skólastjóri samstarfsfólki frá atburðum.
- Ef umsjónarkennari óskar getur hann leitað aðstoðar annars starfsmanns eða annars fagfólks t.d. skólasálfræðings, skólahjúkrunarfræðings.
- Umsjónarkennari athugar í samráði við forráðamenn hvort heimsóknir séu mögulegar eða heppilegar.
- Skólastjóri kanni í samráði við starfsmann hvort heimsókn er möguleg.
- Umsjónarkennari aðstoði nemendur að útbúa kveðjur frá bekkjarfélögum.
- Skólastjóri sendi kveðjur fyrir hönd starfsfólks.
- Umsjónarkennari fjallar um málið í bekknum eftir þörfum

Viðbrögð við öðrum áföllum sem snerta nemendur eða starfsfólk skólans

- Umsjónarkennari greinir frá atburðinum í bekknum.
- Skólastjóri greini starfsfólki frá áföllum er snerta aðra starfsmenn í samráði við viðkomandi starfsmann / starfsmenn.
- Ef umsjónarkennari eða skólastjóri óskar getur hann leitað aðstoðar annars starfsmanns eða annars fagfólks.
- Umsjónarkennari fjallar um málið í bekknum eftir þörfum og aðstæðum hverju sinni.
- Önnur áföll gætu verið andlát foreldris eða annarra aðstandenda, samnemanda eða samstarfsfólks eða líkamsárás.

Móttaka eftir áfall.

Áður en nemandi eða starfsmaður mætir aftur til starfa, sér áfallateymi skólans um að undirbúa komu hans m.a. með því að greina samstarfsfólki og eða samnemendum frá stöðu mála, kynna þeim hugsanleg viðbrögð og eða hvernig best sé að styðja við viðkomandi, t.d. endurkoma eftir líkamsárás.

Símaskrá fyrir áfallateymið skólaárið 2010- 2011

Guðmunda Lára Guðmundsdóttir, skólastjóri	hs: 421-6061, gsm: 899-3020
Ásgerður Þorgeirsdóttir, aðstoðarskólastjóri	hs: 421-1326, gsm: 863-2426
Steindór Gunnarsson	hs: 421-3033, gsm: 863-2123
Ástríður Helga Sigurðardóttir	hs: 421- 2616, gsm: 865-1493
Einar Árni Jóhannsson	hs: 421-3681, gsm: 618-7007
Ingibjörg Kjartansdóttir	hs: 421-2231, gsm: 845-5425
Íris Þórarinsdóttir	hs: 5871917, gsm: 6628366
Soffía Kristjánsdóttir skólahjúkrunarfræðingur	gsm: 661-3919
Sigurður Þorsteinsson skólasálfræðingur	gsm: 847-6015
Skólaritari	420 3000

Önnur símanúmer:

- Neyðarsími, 112
- Áfallahjálp Lsp.:543-1000, slysadeild: 543-2000
- Sr.Baldur Rafn Sigurðsson, gsm: 852-5013 / 897-8391
- Skólasálfr. Gylfi Jón Gylfason vs: 421-6755 / 864-9180
- Barna og unglingsdeild Lsp.: 543-1000
- Heilsugæsla Suðurnesja, 422-0500
- Lögreglan í Keflavík, 420-2400

Viðbrögð við slysum

- Neyðarnúmer 112 Hafa í huga að eftirfarandi þrjú atriði:
- H – Hver
- H – Hvað
- H – Hvar

Stjórnun á slysstað

- Sá sem kemur að einstaklingi metur ástand
- Kallar á hjálpmann - hringir á sjúkrahús - nær í sjúkrahúsi.
- Hefur skyndihjálpmann, er hjálpmanninum þar til hjálpmannur berst
- Kalla saman áfallateymið / tilkynning

Áfallateymi kallað saman

Tilkynna skal slysið eða áfallið tafarlaust til skólustjóra / aðstoðarskólustjóra / ritara eða forsvarsmanna áfallateymis.

Tilkynning til foreldra

Ef um lífshættulegt ástand er að ræða:


- Slysadeild tilkynnir
- Áfallateymi hefur störf
- **Minni slys:**
- Hringt í foreldra

Hvað er sagt við foreldra

- Kynna sig
- Hvað kom fyrir
- Er á leið á sjúkrahús með sjúkrahúsi
- Hver er með barninu

Eftir slysið

- Skrá slys á slysskráningarskjalið – hluti af innra eftirliti- vitnisburðarskjalið
- Láta yfirmann vita af slysi



- Ef alvarlegt slys – óskað eftir lögregluskýrslu – halda fund með foreldrum – ath. trygginga- og öryggismál, Vinnueftirlit ríkisins ef slys verður á skólalóð eða í íþróttahúsi.
- Fylla skal út eyðublað frá Vinnueftirliti ef slys verður á skólalóð eða í íþróttahúsi.
- Áfallahjálp (sjá tilkynning)
- Lagfæra slysagildruna – læra af mistökum

Ástæður til að gefa lögregluskýrslu ef um er að ræða:

- Höfuðhögg. Greining leiðir í ljós: heilahristing, brot, blæðingu, bjúg, eða annað alvarlegt
- Brunaslys ef meira en 8 -10% af líkamanum eru brennd og sár eru djúp
- Öll beinbrot
- Alla tannáverka þar sem spurning er um að fullorðinstennur hafi skaddast, fullorðinstennur detta úr eða brotna
- Alvarlegir augnáverkar
- Klemmuáverkar t.d. fingur fer af eða hangir á húðþjötlu
- Öll alvarleg slys t.d. áverkar á innri líffæri, drukkun, umferðaslys
- Líkamsárás

Aðrir öryggisþættir

- Sjúkragögn
- Sjúkrakassi
- Hjúkrunarfræðingur er ábyrgðaraðili yfir kassanum
- ganga skal vel um kassann
- kassinn skal staðsettur á góðum stað
- Skyndihjálparmappa / Slysahandbók á að vera hjá sjúkrakassa

Skipulag öryggismála í skólanum

- Öryggismál húsnæðis og lóðar eru yfirfarin reglulega
- Skyndihjálparkunnátta starfsfólks – endurnýjuð 3ja hvert ár
- Frekari slysavarnarkunnátta
- Virkt eftirlit með börnum